



## Fátækt og félagslegar aðstæður öryrkja Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum

Tilgangur verkefnisins var að afla þekkingar á efnahagslegum og félagslegum aðstæðum öryrkja og öðlast skilning á birtingarmyndum mismununar, fordóma, fátæktar og félagslegrar aðgreiningar í lífi þeirra. Rannsóknin var unnin í tilefni af *Evrópuári 2010 gegn fátækt og félagslegri einangrun* og gerð í samstarfi við Öryrkjabandalag Íslands. Lögð var áhersla á að öðlast skilning á reynslu og sjónarhorni öryrkja sjálfra á aðstæðum sínum og afkomu, og sjónum sérstaklega beint að barnafjölskyldum. Rannsóknin var unnin með eigindlegum aðferðum; einstaklingsviðtölum, þátttökuaghugunum og rýnihópaviðtölum. Þátttakendur eru þverskurður af fjölbreyttum hópi öryrkja, en um 50 einstaklingar á aldrinum 20-66 ára tóku þátt í rannsókninni. Niðurstöður sýna að örorkubætur eru það lágar að öryrkjar búa við mjög erfiðan fjárhag og eiga í erfiðleikum með að tryggja daglegt viðurværi sitt. Einnig kemur í ljós að samkvæmt flestum viðurkenndum viðmiðum er stór hluti öryrkja annaðhvort fátækur eða á mörkum fátæktar. Sá hópur sem er verst staddur fjárhagslega eru fjölskyldur með börn á framfæri, einkum einstæðar mæður. Vegna flókinna tekjutenginga bótakerfisins er öryrkjum gert erfitt að breyta fjárhagslegum aðstæðum sínum og þurfa að temja sér mikla varkárni, útsjónarsemi, aðhald og fyrirhyggju í fjármálum. Öryrkjar eru afar fjölbreyttur hópur en flestir eiga það sameiginlegt að búa við erfiðar félagslegar og fjárhagslegar aðstæður, fordóma og neikvæða og meiðandi opinbera umræðu sem birtir þá sem afætur á samfélaginu eða svindlara sem lifa í lúxus á kostnað samborgaranna. Af opinberri umfjöllun má einnig ráða að það þyki óréttlæti ef öryrki býr við góðar aðstæður. Þess í stað virðast flestir gefa sér að hin réttláta skipan í íslensku samfélagi feli það í sér að öryrkjar eigi heima neðst á botninum.

## Öryrkjar: Economic and social conditions

### The Centre for Disability Studies

The aim of the research project was to examine the economic and social conditions of öryrkjar (disability pensioners) and to gain an understanding of manifestations of difference, prejudice, poverty, and social exclusion in their lives. The study was part of an ongoing collaboration between the Center for Disability Studies and the Organization of Disabled People in Iceland and carried out under the auspices of *the European Year 2011 for Combating Poverty and Social Exclusion*. Emphasis was placed on understanding the experiences and perspectives of öryrkjar's everyday lives and circumstances from their point of view. Efforts were made to provide an overview of the living conditions of different groups of öryrkjar, but attention was directed specifically to families with children. This is a qualitative study and data were gathered with participant observation, individual interviews and focus group interviews. About 50 öryrkjar aged 20-66 were randomly selected to participate in the interviews. The findings demonstrate that disability benefits are too low and öryrkjar are faced with very difficult financial situations. Furthermore, many öryrkjar seem to meet most or all of the criterias used in determining poverty or are at the threshold of poverty. Worst off were families with children, especially single mothers. Due to the complexity of the general social welfare system and the income related claw-back measures, it was very difficult for the participants to improve their financial situations, so they had to resort to extreme caution, resourcefulness, and prudence in their finances. Although öryrkjar are a diverse group, most share the experiences of difficult social and financial circumstances, prejudice and negative and hurtful public discourses, which (re)present disabled people as social burden, as exploiting the system, and living in luxury at the expense of the taxpaying citizens. Public discourse also suggests that it is not justified if öryrkjar's economic and social conditions are good and it is suggested that they should remain at lowest rungs of Icelandic society.